

GJALDSKRÁ**yfir gjald af einkasölvörum.**

Áhöfnum og farþegum, sem hafa við komu til landsins meðferðis meira magn af einkasölvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skal heimilt að greiða af því, sem umfram er, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 117/1972, einkasölugjöld svo sem segir í gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst í farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0.375 l	0.75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperítivar	kr. 250	kr. 500
2. Íslenskar áfengistegundir	— 700	— 1350
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a.	— 1000	— 2000
B. Reyktóbak:		
Kr. 800 pr. dús. eða lbs.		
C. Vindlingar:		
Kr. 1000 pr. karton.		
D. Vindlar:		
Smávindlar	kr. 110 pr. 10 stk.	
Meðalstærð	— 330 — 25 —	
Vindlar aðrir	— 550 — 25 —	

Sé um að ræða aðrar þakkingar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 106/1974 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1975.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.****1. gr.**

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 100 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 200 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. mars 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til sérfræðinga.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða sérfræðingi, er þeim er vísað til af samlagslækni, kr. 300 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 500 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þetta gjald dregst frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög nr. 62/1974 til að öðlast gildi 1. mars 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á ráðgerðri legu Vaðlaheiðarvegur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af ráðgerðri legu Vaðlaheiðarvegur, á bilinu frá Hallandsnesi að Svalbarðseyri.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.